

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

### *Árbæjarhjáleiga 2, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. október 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir Árbæjarhjáleigu 2. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir íbúðarhúsi til viðbótar því sem fyrir er ásamt 2-4 starfsmannahúsum sem samhliða geta nýst til ferðaþjónustu. Aðkoma er frá Árbæjarvegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

### *Svínhagi, landnr. 164560, Krókahraun, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 10. október 2019, tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga, landnr. 164560. Deiliskipulagsreiturinn er um 5 ha að stærð. Áformað er að innan reitsins verði reist um 20 gistihús sem hvert um sig er um 70 m<sup>2</sup> að stærð og rúma 2-3 manns í gistingu. Gert er ráð fyrir miðlægu þjónustuhúsi sem getur orðið allt að 800 m<sup>2</sup> að stærð. Byggingarmagn innan skipulagsreitsins í Svínhaga er því áætlað samtals um 2.350 m<sup>2</sup>. Aðkoma að svæðinu er frá Þingskálavegi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 30. október 2019.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.